



Ólafur Pálsson:


Trèdikun.

á 2. sunnud. e. þrettanda 1858.

Rv. 1859.









PRÈDIKUN

EPTIR

Ó. PÁLSSON.

REYKJAVÍK 1859.

Í PRENTSMIDJU ÍSLANDS, E. ÞÓRÐARSON.

1860

PREDIKTION

J. B. M. 1860

PRÆDIKUN

Á 2. SUNNUDAG EPTIR ÞRETTÁNDA

1858.

EPTIR

ÓLAF PÁLSSON,

PRÓFAST Í KJALARNESSÞINGI OG
DÓMKIRKJUPREST.



REYKJAVÍK 1859.

PRENTUÐ Í PRENTSMÍÐJU ÍSLANDS, HJÁ E. ÞÓRDARSYNI.

PRÆDIKUN

Þegar eg flutti prædikun þessa, fyrir rúmu ári síðan, mæltust fáeinir sóknarmenn mínir til, að eg læti hana einhvern tíma koma fyrir almennings sjónir. Þótt eg viti, að henni sè í mörgu ábótavant, vil eg samt nú verða við tilmælum þessum. Sá litli ágóði, sem verða kynni af sölu blaða þessara, er ætlaður sjóðnum handa fátækum prestaekkjum á Íslandi, og mun síðar gjörð opinber skilagrein fyrir því. Hvert exemplar kostar 6 skilinga.

Reykjavík, 1. Febrúar 1859.

Ó. Pálsson.

Frá þér, Drottinn! kemur öll góð og fullkomin gjöf, og kemur af umhyggju fyrir velferð þinna barna. En þú þekkir mannlegan breyskleika, þekkir hversu opt heimsins gæði verða svo brúkuð, að þau eru misbrúkuð. Æ! styrk þú hvern og einn til þess að gæta þíns heilaga vilja; leiðrètt þann, sem villist; reis þann á fætur aptur, sem hefir fallið, og varðveit alla í þínum ótta; svo að fyrir hvað eina gott, sem vèr þyggjum af þinni föðurhendi, verðum vèr farsælli og betri, og frelsaðir frá heimsins freistni og snörum fáum vèr náð þeirri farsæld, sem þú tilbýr oss með öllum þínum ástgjöfum. Amen!

Guðspjallið Jóh. 2, 1.—11.

Þessi heilögu guðspjallsorð, þau leiða oss í huga vorum inn í gleðisamkvæmið, og gleðin helgast þar af nálægð Drottins. En þegar vèr lítum yfir þann atburð, sem hér er sagt frá, er það að vísu margt, en þó sèr í lagi tvennt, sem oss með öllum rætti má koma til hugar. Hið fyrra er það, að oss er leyft að njóta gleði lífsins. Gjafarinn alls hins góða, sem annast alla vora nauðþurft, ber einnig með mörgu móti umhyggju fyrir því, sem er fram yfir hana, til býr oss margan fögnuð og glaðværð, sem vèr skulum njóta, til þess vèr því frem-

ur fáum kannast við miskunsemi hans og verið glað-
 værir af henni. En þar sem vèr sjáum Drottinn
 sjálfan í gleðisamkvæminu, og ályktum af því með
 rétti, að gleðinnar nautn er oss leyfð, þá er oss vissu-
 lega í annan stað bent til þeirrar lífsreglu, sem vèr
 jafnan ættum að hafa í minni. Það er eins og sagt
 sè við oss, hvern fyrir sig: dreyp þú aldrei á
 gleðibikarnum, sem Guðs föðurhönd rétt-
 ir að þèr, án þess að gæta að Guði og hafa
 hann þèr nálægan. Því þetta er það, sem
 helgar alla gleði og tilbýr oss af henni þá nautn,
 sem er, eptir Guðs góðum vilja, til endurlífgunar
 vorum sálum. En með hve mörgum hætti verður
 þessu ekki fyrirgjört, og gleðinnar gjöf, sem, með
 þakklæti til Guðs meðtekin, er góð fyrir alla, verður
 þannig mörgum til spillingar, því að þeir njóta
 hennar svo, að þeir gleyma Guði og hans vilja.
 En hvernig sem það er gjört, þá er það synd, og
 hún er jafnan töpun mannsins. En einn er þó sèr
 í lagi sá löstur, sem leiðir til að syndgast á gleð-
 innar nautn, en það er ofdrykkjan. Já, opt
 kemur af henni eyðilegging og tjón bæði fyrir líf
 og sálu, þar sem forsjón Guðs hafði tilbúið sak-
 lausa gleði til endurnæringar því; og það kemur af
 því, að gleðinnar er notið, án þess að hugsa til
 Guðs, og til þess, að hennar bar ekki að njóta frek-
 ar en svo, að það væri eptir hans vilja og honum
 til dýrðar. Dæmin eru mörg (og þess væri óskandi
 til Guðs, að þau fjölguðu ekki óðum), sem sýna,

hvernig menn með þeirri syndsamlegri nautn eyðileggja stundlega velferð sína, já, fram ganga svo gálauslega, að, þegar horft er fram yfir þetta tímanlega, virðist glötunarinnar afgrunnur einn að liggja opinn fyrir þeim. Þetta, bræður mínir! er mjög verðugt vors alvarlegasta athuga, og Guð láti það, af náð sinni, verða til viðvörunar oss öllum, en til leiðréttingar hverjum, sem fer villur vegar, er vèr á þessari heilögu stundu förum nokkrum hugleiðingum um það, hvernig ofdrykkjunnar löstur er skaðlegur, hvort heldur er fyrir mannsins tímanlega eður eilífa velferð.

„Drekkid yður ekki víndrukkna, því þar af flýtur óheill“, segir postulinn, og það er varla hægt, að telja alla þá ógæfu, sem ofdrykkjunnar löstur getur steipt mannum í. Þó öll synd, í raun rættri, straffi sig sjálf, þá á það má ske hjá engri fremur heima en þessari. „Heyr þú, minn son! og vertu hygginn, og stýr þínu hjarta mitt á veginn. Vertu ei með drykkjumönnum, með þeim, sem eyðileggja sitt hold“. Þannig segir spekingur Drottins, og það er sú aðvörun, sem mjög opt verður ítrekuð fyrir hverjum einum, þegar hann sèr ofdrykkjumanninn, hvernig hann aumkunarlega dregur fram sitt líf. Vèr sjáum þá dag frá degi fleiri en einn, sem stöðvunarlaust hrapa til þess aptur og aptur

að neyta af þeim tælandi ávexti, sem er forboðinn fyrir það, að hans er neytt í óhófi og með þeim hætti, að þar með verður fyrirgjört þeim beztu gáfum lífsins, sem Guð hefir gefið. Vèr sjáum hinn unga, og þann, sem enn nú er staddur á lífsins beztu árum, veikan og svo sem gamlan og hruman fyrir tímann, af því hann með ofdrykkjunni hefir niður brotið heilsu líkamans; hann hefir gleymt bæði Guði og sèr sjálfum, ekki hirt um að varðveita það, sem Guð hafði gefið honum dýrmætast af þessa lífs gæðum. Hin skammvinna óhófsnautn svæfir hann upp aptur og aptur, svo að hann jafnan á ný vaknar af sínum vitstola draumi, til að finna glöggvari og glöggvari merki þess, að heilbrigðinnar dýrmæti fjársjóður hverfur óðum, og þar með dvínar öll sannarleg gleði lífsins. Því hvað af þessa heims gæðum getur fært þeim nokkra endurlífandi nautn, sem hefir fyrirgjört þessu mikla hnossi? Guð gefur öllum sínum börnum þetta líf, að vísu til þess, að þau í gegnum það skuli framleiðast til annars sælla og betra, en hans nákvæma hönd til býr einnig farsæld og gleði hèr stundlega hverjum, sem ekki fyrirgjörir því sjálfur; hann til býr það einnig í nægtum þeirra hluta, sem heyra til hagsælda og ánægju þessara lífdaga. En einnig þessu láni Þrottins, sviptir ofdrykkjumadurinn sjálfan sig. „Drykkjumenn og óhófsmenn verða snauðir“, segir Salómon. Já, það er opt sorglegt að sjá hinn ógæfusama í þessu falli, þann, sem hvað eptir ann-

að eyðir í ofdrykkjunni hinum dýrmætu stundum af vinnudegi lífsins. Þessum lesti er jafnan samfara einn annar, sem einnig eyðileggur tímanlega velferð mannsins, en það er iðjuleysið. Gjarnast hverfur bæði ráðdeild og þrek til þess að leita atvinnu sinnar í Guðs ótta, og þannig sèst opt sá, sem, staddur á hinu bezta skeiði lífsins, hefir einungis eigin nauðþurft að annast, fátæklegum töttrum klæddur; hann ráfar um þurra stadi, og fær ekki hjá því komizt, að auðvirða sig sjálfan með því, að vera öðrum til þyngsla. Og ef þèr lítið inn í hús hússföðursins, sem hefir ofurselt sig þessum hryggilega lesti, hvað komið þèr þá þangað að sjá? Það mun sjaldnast fara hjá því, að þèr sjáið þar óregluna og hirduleysið jafnvel um hin helgustu skyldunnar störf, því þau verða svo sjaldan snert af þeirri hendinni, sem ætlað var að gegna þeim og gæta hússins og velvegnunar þess; en samferða þessu hefir einnig örbyrgðin flutt þangað inn og rænt í burtu allri heill og gleði. Það er þannig og með ótal mörgum öðrum hætti, að, þegar með tilliti til mannsins tímanlegu velvegnunar, leiðir ofdrykkjan margfalda ófarsæld yfir hann. Já, hún fylgir honum einnig í hans eigin brjósti, því á þeim stundum lífsins, er hann vaknar af sínum draumi, og honum verður hugsað til þess, hvernig hann eyðir dögum sínum, verður lítið yfir sitt eigið ástand, hverja ánægju getur hann þá haft með sjálfum sèr? Samvizkunna álas, það særir jafnan og neitar um fríðinn,

en ekki sízt fyrir þá syndina, sem svo gálauslega er drýgð upp aptur og aptur, og lætur kenna á því, hvernig hún er töpun mannsins. Hver sem því vill lifa og sjá glaða daga, hann gæti sín í Drottins nafni og forðist þenna eyðileggjandi löst. Ánægja og margháttað farsæld þessa lífs fylgir þeim hinum hófsama á hans vegum, og það er mjög mikilsverð lífsregla, sem hinn vitri hefir gefið: „prófa sál þína í þínu lífi og sjá hvað henni er skaðlegt, og leyf henni það ekki“. „Af óhófi hafa margir dáíð, en sá, sem gætir sín, lengir sitt líf“.

Ofdrykkjan spillir mannsins tímanlegri velferð. Hún gjörir það einnig þar sem lítið er til þess, er hann skal lifa með öðrum í heiminum og umgangast þá. Það er ekki lítill hluti vorrar sönnu lífs gleði og ánægju, sem Guð hefir til búið oss í innbyrðis friði, ást og hjálpsemi, þar sem það ræður samlífi manna eptir hans vilja. En fátt er þá einnig vissara til að tortýna þessum miklu gæðum, en ofdrykkjan. „Hvar eru deilur, hvar klögun?“ segir ritningin. En hún svarar sér sjálf: „hjá þeim, sem tefja lengi yfir víninu“. Já, það gengur gjarnast svo, að sá sem gjörir það, hann anar áfram í blindni, og slítur þau friðarins bönd, sem eiga að gjöra hann farsælan. Hann hefir hrifið sig sjálfan undan gæzlu skynseminnar, en þar með er þá sleppt allri þeirri varúð í orði, viðmóti og hegðun, sem hér gjörir veginn sléttan. Sá sem annars er svo gjörður, að hann fram gengur siðprúður og hógvær við

hvern mann, hversu opt breytist hann ekki við ofdrykkjuæðið í villudýrsins ham? Hann gengur áfram í villu, og hefir vart lengur ráð orða sinna eður gjörða; sviptur undan yfirráðum skynsemningar, vill hann þó svo sem vita allt og dæma um allt, setur sig upp yfir aðra, og hirðir ekki eða veit, hvernig hneyxlanin streymir fram af hans vitstola tungu, í hinum vægðarlausu dómum, í formælingunum, sem vitna um, að hann hefir gleymt bæði Guði og sjálfum sér. En hvað flýtur þá af öllu þessu fyrir manninn sjálfan? Ekkert vissar, en fyrirliðning annara, sem gjörir mjög mikið að því, að svipta hann velvegun þessa lífs. Því hver getur þó annað, en sæð í því hina mestu svívirðingu mannlegs félags, hvort heldnr hann hyggur til hinna einstöku, sem fram ganga þannig, eður hinna mörgu, sem dag frá degi flykkjast saman, án þess nokkuð annað sameini þá, en hið sama gálausu æði? Þar heyrast hin óguðlegu hneyxlandi orð, sem jafnvel ekki hlífa því hinu helgasta. Því hvað er tíðara, en að jafnvel Guðs orð verður vanhjelgað af þeinu saurugu vörum? En auk þessa eru þar „deilur og öll ill viðskipti“; því ofdrykkjan á opt mikinn þátt í því, að ræna friðarins dýrmætu eign. Já, sjáum vèr ekki einatt, hvernig hún og ekkert annað hefir verið sá mordengill, sem svipti friðnum og allri hans blessun af heimilunum, og sleit hin helgustu bönd? „Spakt og rósamlegt líferni“, það er, í hverri stöðu sem er, mikið ágæti lífsins, og hver

sem vill varðveita það sér til handa, hann gæti að Guði og sjálfum sér, og forðist þann löst, sem þannig hefir með sér sitt hryggilega straff. Og til þess að geyma friðarins gjöf, eins og hverja aðra Guðs gjöf, útheimtist það, að ganga jafnan vakandi, eins og á degi. Geymir þú sjálfur hið góða, sem Guð til býr þér hér á jörðu, þá geymir hans hönd það með þér, og það glatast ekki.

Þannig er ofdrykkjan sá löstur, sem með ótal mörgum hætti fyrirgjörir mannsins tímanlegri velferð. En látum oss þá ekki heldur svíkja oss sjálfa með því, að aðskilja það þar frá, hvernig hinn sami löstur er einhver hinn hættulegasti fyrir eilífa sáluhjálp hvers eins. Það er mikið sagt, en þó víst ekki um of, að má ske hefir enginn löstur, eins opt og eins óumflýjanlega og þessi, leitt fram að afgrunni hinnar eilífu töpunar. Þar sveimar hinn gálausí syndari, og eins og hans eigið líf, svo hangir og hans eilíf velferð á veikum þræði. Vèr erum allir á vegferð lífsins, eins og „vegfarandinn, sem ekki kann að stýra sinni göngu“, og það er ekki nema ein hönd, sem leiðir og getur leitt oss áfram um vorn sáluhjálpar veg, en það er Guðs föðurhönd. En um hvern verður það þá sagt með eins miklum sanni og um ofdrykkjumanninn, að hann hrífi sig undan hennar blessaðri gæzlu! Því hvað er í raun rjettri þess manns líf? Hann berst ósjálfrátt áfram með tímans straumi, án þess að skynsemin, sem Guð gaf til þess, að hún lýsti fyrir


honum, færi honum nokkra leiðbeiningu, án þess að frjálsræðið fái, eptir Guðs vilja, orðið honum að meðali til þess, að höndla hnoss sinnar eilífu farsældar. Það mun óhætt að fullyrða, að það er einmitt í þessu ásigkomulagi, að margur hver smakkar fyrst hinn forboðna ávöxt lastanna, til eyðileggingar sjálfum sér. Það gjörir að vísu öll synd, en ekki sízt þessi, að hún sæðir af sér margar aðrar. Þú, sem hefir hrapað á þenna afveg, og sem finnur þig þegar óhæfan til að annast tímanlega velferð þína, þú, sem lætur þig svo leiða af þinni stjórnlausri girnd, að þú hvorki ert fær um, nè finnur þig færan um, að gegna þeim skyldum, sem sú staðan krefur af þér, í hverja Guð hefir sett þig, ertu þá ekki þar með, og það öllu fremur, orðinn óhæfur til hins, að sorga fyrir sálu þinni? Hefir þú ekki ofþyngt svo hjarta þitt, að frá því er horfin öll ástundun hins æðra? Þú hirðir ekki meira um hvern lífsins dag, en að þú gálaust sleygir í burtu allri þeirri farsæld, sem Guð til bjó þér með honum; — og hvað muntu þá hirða um eilífðina? Þú veizt hvað Guð hafði ætlazt til að þú skyldir verða, en hvað ertu orðinn fyrir þína eigin synd? Þú óttast má ske að svara til þessa fyrir Guði og sjálfum þér, en láttu það þá vera til þess, að þú „farir og syndgir ekki framar“.

Oss mönnunum heyrir það ekki til að dæma. Þér, Drottinn! tilheyrir það, sem rannsakar alla hluti. Þú einn veizt það bezt, hvert nokkur er á ólukku


vegi, og kannt að leiða á eilífðarinnar veg. Æ, ef þessi orð eru heyrd af nokkrum þeim, sem þurfa leiðréttingar við, þá áhrær þú mildilega þeirra hjörtu og leiðrètt þá. Já, þú veizt það líka, hversu margir þeir eru hær fjærstaddir, sem fara villir vega, og virztu einnig í þeirra hjörtu að innræta þitt föðurlegt aðvörunarorð, svo hver gæti sín, en þú geymðr alla, í Jesú nafni. Amen!



1859.



Lbs - Hbs / Þjóðdeild



100716820-3

